



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

19. apríl 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt (birting álagningar- og skattskrár), 137. mál.


Samtökum atvinnulífsins hefur borist ofangreint lagafrumvarp til umsagnar. Í frumvarpinu felst að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af.

Telja verður að núgildandi ákvæði 98. gr. laganna, sem skylda skattstjóra til að leggja fram til opinberrar birtingar álagningar- og skattskrár, séu í andstöðu við grundvallarsjónarmið íslenskra laga um persónuvernd og friðhelgi einkalífs, sbr. m.a. 1. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ákvæðið felur því í sér frávik frá megin sjónarmiði íslensks réttar. Til þess að slíkt frávik fái staðist þurfa gildar ástæður að liggja til grundvallar.

Upphafleg ástæða fyrir umræddum lagaákvæðum var sú að opinber birting skattskráa væri forsenda þess að gjaldendur gætu nýtt heimild til að kæra ákvörðun skattýfirvalda á tekjuskatti og eignarskatti þriðja manns. Kæruheimild þessi var hins vegar felld niður með lagabreytingu árið 1962. Einnig virðist framlagning álagningar- og skattskráa hafa verið hugsuð sem þáttur í skatteftirliti og ætlað að koma í veg fyrir undanskot frá skatti. Samkvæmt frumvarpinu er þó ekki gert ráð fyrir að dregið verði úr þeim úrræðum sem skattýfirvöld hafa til að sinna virku skatteftirliti og bregðast við undanskotum frá skatti. Þá liggur ekki fyrir að ákvæði um opinbera birtingu skattskrár hafi í raun skipt miklu máli til að tryggja virkt skatteftirlit. Eru forsendur fyrir umræddum lagaákvæðum því ekki lengur fyrir hendi.

Með hliðsjón af framanrituðu leggja Samtök atvinnulífsins því til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins


Hannes G. Sigurðsson

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is